

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.3 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, miðvikudaginn 20. júlí kl. 11:25, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 878.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig
Sigurðardóttir og Brynja Kemp Guðnadóttir.

Ritari var Erna hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bíldshöfði 7, ósk um umsögn - endurnýjun á** (04.056.4) Mál nr. SN220415
starfsleyfi Skjalnr. 6726
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 29. júní 2022 þar sem óskað er eftir umsögn vegna
umsóknar B.M. Vallá um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur steypustöðvar og
steypueiningaverksmiðju að Bíldshöfða 7. Erindinu var vísað til umsagnar
verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí
2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. júlí 2022, samþykkt.
- Grettisgata 41, (fsp) breyting á** (01.173.1) Mál nr. SN220319
deiliskipulagi Skjalnr. 13469
Martina Peony Wiedemann, Helluland, 551 Sauðárkrókur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn
Martina Peony Wiedemann dags. 24. maí 2022 ásamt bréfi dags. 25. maí 2022 um
breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1, Timburhúsareits, vegna lóðarinnar nr. 41 við
Grettisgötu sem felst í að heimilt verði að byggja stakstætt hús, nyrst á lóðinni, í stað
viðbyggingar ásamt því að heimild fyrir hækkun á núverandi húsi verði felld niður,
samkvæmt uppd. Grímu arkitekta dags. 24. maí 2022. Einnig er lagt fram skuggavarp
Grímu arkitekta dags. 24. maí 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra
og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.
*Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á
deiliskipulagi í samræmi við þær ábendingar sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa
dags. 20. júlí 2022, á eigin kostnað.*
- Korngarðar 3, Breytingar - 1. og 4.hæð** (13.232.01) Mál nr. BN061228
veitingarstaður í fl. III tegund G Skjalnr. 12165
Dalsnes ehf., Korngörðum 3, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lagt fram erindi frá
afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta
erindi, BN053122, þar sem móttökubúr við stigahús er fjarlægð og innréttaður
veitingarstaður í flokki III tegund G fyrir ??? gesti á 4 hæð, með hluta að salernum á 3.
hæð húss á lóð nr. 3 við Korngarða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og
er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.

4. **Köllunarklettsvegur 2, breyting á deiliskipulagi** (01.329.8) Mál nr. SN220279
Skjalnr. 5478

ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. maí 2022 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst stækkun á lóð til vesturs, stækkun á byggingarreit vegna viðbygginga og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2022. Bílastæði á lóð verða í samræmi við Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig er lagt fram samþykki Faxaflóahafna dags. 29. apríl 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Klettagörðum 9, 11 og 13, Köllunarklettsvegi 1 og 4 og Sundagörðum 2.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

5. **Urðarstígur 4, breyting á deiliskipulagi** (01.186) Mál nr. SN220089
Skjalnr. 14268

Þórir Jónsson Hraundal, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram umsókn Þóris Jónssonar Hraundals dags. 12. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits, reitur 1.186, vegna lóðarinnar nr. 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni að gerður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu sunnan hússins, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 1. janúar 2022. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Umsækjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindi nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Urðarstíg 2, 3, 6 og 6A, Baldursgötu 8 og Berstaðastræti 51.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021

6. **Bauganes 24, (fsp) stækkun húss** (01.674.2) Mál nr. SN220448
Skjalnr. 14683

Sigurður Hallgrímsson, Stórákur 7, 210 Garðabær
Ingimar Guðmundsson, Bauganes 24, 102

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 14. júlí 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 24 við Bauganes, samkvæmt tillögu Arkþing/Nordic ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. júlí 2022, samþykkt.

7. **Hringbraut 104, (fsp) breyting á þaki og setja kvisti** (01.139.2) Mál nr. SN220452
Skjalnr. 9512

Bjarki Þór Scott Árnason, Hringbraut 104, 101 Reykjavík
Emil Þór Guðmundsson, Mosprýði 1, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Bjarka Þórs Scott Árnasonar dags. 11. júlí 2022 um að breyta/hækka þak hússins á lóð nr. 104 við Hringbraut og setja kvisti, samkvæmt uppdr. Emils Þórs Guðmundssonar dags. 20. júní 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2022.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.

8. **Laugavegur 12B og 16, (fsp) sameining lóða** (01.171.4) Mál nr. SN220447
Skjalnr. 10422
Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
Laugavegur 12b ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Einarssonar dags. 13. júlí 2022 um sameiningu lóðanna nr. 12B og 16 við Laugaveg. Einnig eru lagðir fram uppdættir dags. 15. og 22. júní 2016 síðast breyttir 22. júní 2022.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
9. **Lindargata 39, (fsp) sólstofa** (01.152.3) Mál nr. SN220275
Skjalnr. 14641
Sigurður Arngrímsson, Bretland,
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Arngrímssonar dags. 29. apríl 2022 um að setja sólstofu við íbúð merkt 1101 á 11 hæð hússins á lóð nr. 39 við Lindargötu, samkvæmt teikningum 101 Skuggahverfis dags. 24. nóvember 2006, síðast br. 17. janúar 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Næfurás 10-14, (fsp) bílskúr** (04.381.4) Mál nr. SN220442
Skjalnr. 6247
Daníel Snær Sigfússon, Langanesvegur 21, 680 Þórshöfn
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Daníels Snæ Sigfússonar dags. 24. júní 2022 um að setja skúr á lóð nr. 10-14 við Næfurás. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. júlí 2022, samþykkt.
11. **Tangabryggja 13, Loka svölum** (40.231.01) Mál nr. BN059234
Skjalnr. 14158
Tangabryggja 13-15, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokunum ofan handriða á 55 svölum fjölbýlishúss nr. 13-15 á lóð nr. 13 við Tangabryggju. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Samræmist skilmálum í deiliskipulagi.
12. **Viðarás 19, (fsp) stækkun húss** (04.387.3) Mál nr. SN220414
Skjalnr. 14673
Árni Þór Einarsson, Viðarás 19, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Árna Þórs Einarssonar dags. 29. júní 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 19 við Viðarás, samkvæmt skissu ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. júlí 2022, samþykkt.
13. **Brekkustígur 9, Stækkun húss og breyting lóðar** (01.134.202) Mál nr. BN057519
Skjalnr. 6440
Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík
Icelandic Ocean ehf., Pósthólf 17, 121 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg. Erindi var grenndarkynnt frá 14. júní 2022 til og með 13. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigrún Baldvinsdóttir dags. 5. júlí 2022, Þorsteinn Geirharðsson dags. 11. júlí 2022 og Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 13. júlí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

14. **Framnesvegur 13, Sótt er um að setja svalir** (11.341.06) Mál nr. BN059355
og tröppur í garð Skjalnr. 9468
 B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að síkka glugga og bæta við hurð, koma fyrir svölum og tröppum á suðurhlíð íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 13. við Framnesveg. Erindi var grenndarkynnt frá 14. júní 2022 til og með 13. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kjartan Páll Sveinsson og Phoebe Anna Jenkins dags. 10. júlí 2022, Haseeb Randhawa and Stéphanie Desjardins dags. 12. júlí 2022 og Gunnar Helgi Kristinsson og María Jónsdóttir dags. 13. júlí 2022. Einnig er lagður fram tölvupóstur Öldu Magnúsdóttur dags. 22. júní 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við framkvæmdina/tillöguna.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Silfratjörn 6-18, breyting á deiliskipulagi** (05.052.4) Mál nr. SN220324
 Skjalnr. 14414
 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lögð fram umsókn Jakobs Emils Líndal dags. 30. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 6-18 við Silfratjörn. Í breytingunni felst að fyrirkomulag lóða í reit B við Silfratjörn er breytt á þann veg að bílastæðum er komið fyrir upp við hús inni á lóðunum Silfratjörn 6-12 og 14-18. Við það færist akstursleið að lóðunum til norðurs, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 23. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki lóðarhafa nr. 6-32 við Silfratjörn mótt. 13. og 20. júlí 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Silfratjörn 6-32.
Þar sem samþykki lóðarhafa að Silfratjörn 6-32 liggur fyrir er erindið samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.6, sbr. 12. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021 og skal greiðsla fara fram áður en breytingin er birt í B-deild Stjórnartíðinda.
16. **Elliðaárdalur, framkvæmdaleyfi** (04.2) Mál nr. SN220446
 Skjalnr. 5813
 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
 Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 12. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir gerð göngu- og hjólastígs í Elliðaárdal ásamt stúglýsingu. Einnig er lagt fram teikningasett VSÓ ráðgjafar dags. 1. júlí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Einarsnes 36, (fsp) breyta atvinnuhúsnæði í** (01.672.0) Mál nr. SN220400
 Skjalnr. 6664
 Hjórdís Andrésdóttir, Einarsnes 36, 102
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Hjórdísar Andrésdóttur dags. 22. júní 2022 ásamt bréfi dags. 17. júní 2022 um að breyta atvinnuhúsnæði á lóð nr. 36 við Einarsnes í íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022. Lagt fram að nýju ásamt nýrri fyrirspurn dags. 16. júlí 2022 og bréfi dags. 16. júlí 2022 þar sem óskað er eftir útskýringum vegna neikvæðrar umsagnar skipulagsfulltrúa.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

18. **Túngata 13-15 og Hávallagata 14-16,**
breyting á deiliskipulagi

Mál nr. SN220262
Skjalnr.

Steinselja ehf., Laugamesvegi 92, 105 Reykjavík
Landakotsskóli ses., Túngötu, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Steinselju ehf. dags. 6. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóðanna nr. 13-15 við Túngötu og 14-16 við Hávallagötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs og suðurs til að fjölga tímabundið færanlegum kennslurýmum, samkvæmt uppdr. Steinselju ehf. dags. 4. maí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. júní 2022 til og með 18. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Björg Bergljót Pálmadóttir, Jóhannes Benediktsson, Halla Helg Skjaldberg, Málfríður Kjaldberg og Þorbjörg Skjaldberg dags. 13. júlí 2022.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

19. **Nýr Landspítali við Hringbraut, (fsp)** (01.19)
afmörkun lóðar fyrir dælustöð

Mál nr. SN220341
Skjalnr. 12506

Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Veitna ohf. dags. 31. maí 2022 ásamt bréfi dags. 31. maí 2022 um afmörkun lóðar fyrir dælustöð bakvatns hitaveitu á horni lóðar Nýs Landspítala við Hringbraut. Einnig er lög fram tillaga að staðsetningu dælustöðvar ódags. og uppdráttur/frumhönnun Eflu að dælustöð dags. 17. febrúar 2022.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir